

Ed. 167. Frumvarp til laga [136. mál]
um breyting á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lánin nema 85% kostnaðar- eða matsverðs, þess er lægra reynist, en allt að 70% kostnaðar- eða matsverðs með sama hætti, séu skipin smíðuð erlendis. Enn fremur er heimilt að lána vegna endurbóta eða endurbygginga eldri skipa, og mega þau lán nema allt að 60% af váttryggingarverði hins endurbætta skips, og skulu lánin vera til allt að 10 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að ákveða viðbótarlánveitingar til þeirra fiskiskipa, sem smíðuð hafa verið erlendis á undanförunum árum og taka þurfti erlend lán til greiðslu á kaupverðinu að hluta til. Mega lán Fiskveiðasjóðs þá nema samtals allt að 60% — sextíu af hundraði — af váttryggingarverði skipanna. Þó skulu við-

bótarlán eigi nema hærri upphæð en svarar til þeirrar hækkunar á verði skipanna, sem hlotizt hefur af breytingum á gengi hinnar íslensku krónu á því tímabili, sem hin erlenda skuld vegna skipakaupanna hefur staðið.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um Fiskveiðasjóð Íslands er heimilað að lána út á skip smíðuð innanlands 75% kostnaðar- eða matsverðs. Á undanförunum þingum höfum við, sem að þessu frumvarpi stöndum, lagt til, að þessu ákvæði yrði breytt til hækkunar, en þær tillögur hafa ekki náð fram að ganga. Með lögum um aðgerðir í efnahagsmálum, sem samþykkt voru á Alþingi 28. marz 1969, var m. a. sett á laggirnar Atvinnumálanefnd ríkisins. Við umræður um áðurgreindar tillögur okkar flm. þessa frumvarps kom það fram, að ætlunin væri, að Atvinnumálanefnd ríkisins lánaði 10% af kostnaðarverði nýrra skipa, sem smíðuð væru innanlands, og þannig hefur þetta verið í reynd undanfarið. Segja má því, að húið sé að viðurkenna þörfina á því, að lán út á nýsmíði skipa verði 85%, eins og við höfum lagt til áður og leggjum enn til samkv. þessu frumvarpi, og sé því aðeins formsatriði að samþykkja þetta ákvæði. Hins vegar er rétt að geta þess, að mikið óhagræði fylgir því fyrirkomulagi, að tveir aðilar séu að lána þetta, og það því frekar sem Atvinnumálanefndin felur þriðja aðilanum, Atvinnuöfnunarsjóði, að ganga frá láns skjölum. Enn má benda á, að lánskjör hjá Atvinnumálanefnd ríkisins eru lakari en hjá Fiskveiðasjóði. Loks má benda á það, að gildistími laganna um Atvinnumálanefnd ríkisins er til ársloka 1970. Þegar á allt þetta er litið, virðist augljóst, að samþykkja beri þá breytingu til hækkunar á lánnum Fiskveiðasjóðs, sem lagt er til í þessu frumvarpi.

Hækkun á lánnum vegna þeirra skipa, sem smíðuð eru erlendis, virðist eðlileg í þessu sambandi og þarfnast tæplega skýringa.

Þriðja nýmælið, hámarksákvæði á lánnum til eldri skipa, er rétt að minnst á með nokkrum orðum.

Það fer ekki á milli mála, að mörg eldri skip, sérstaklega af minni gerðum, má hagnýta miklu betur en gert hefur verið. Til þess þarf þó nokkuð fé til endurbóta, því að hin gömlu skip svara ekki kröfum tímans um aðbúnað skipverja eða tækjabúnað.

Mörg þessara skipa eru traust, vel byggð og góð sjóskip, sem nota mætti árum saman eftir endurbætur, sem kosta ekki í fjárfestingu nema brot af því, sem leggjá þarf í ný skip. Hins vegar liggur svo mikið verðmæti í þessum skipum, að ekkert vit er í að láta slík verðmæti eyðileggjast.

Fiskveiðasjóður hefur að vísu lánað til kaupa á tækjum og til endurbyggingar eldri skipa. Slík lán hafa þó verið of lág, og ekkert samræmi hefur oft verið í þeim lánveitingum. Þess vegna er hér farið inn á þá braut að tiltaka ákveðinn hundraðshluta miðað við váttryggingarverð. Er þetta í samræmi við óskir útvegsmanna, sem oft hafa ályktað um þetta atriði, nú síðast á aðalfundi L. Í. Ú., sem haldinn var í Vestmannaeyjum.

Þá er og nýmæli um, að lánin til eldri skipa skuli vera allt að 10 árum. Oftast hafa þau lán, sem Fiskveiðasjóður hefur veitt til eldri skipa, verið til 5 ára, eða sum mäske til 7 eða 8 ára. Slíkur lánstími, 5 ár, er allt of stuttur, þess vegna er tiltekinn lánstími hér 10 ár.

Um ákvæði til bráðabirgða er það að segja, að hér er lagt til, að vandamál þeirra útvegsmanna, sem skulduðu og skulda enn vegna skipakaupa erlendis, verði leyst með viðbótarlánveitingu. Þau skip, sem keypt voru á undanförunum árum, hafa stórhækkað vegna breytinga á gengi íslenskrar krónu. Ekki verða útgerðarmenn íslenskra fiskiskipa sakaðir um að hafa valdið því ástandi í íslenskum efnahagsmálum, sem leitt hefur til þriggja gengisfellinga á nokkrum árum. Þess vegna er ekki réttmætt að refsa þeim sérstaklega og láta þá, sem vinna að öflun gjaldeyris, lenda

Í erfiðleikum og vanskilum með greiðslur lána, er hvílt hafa og hvíla enn á þeim skipum, sem keypt voru til landsins á undanförunum árum. Hér er um að ræða verulega skuldabagga. Hér er ekki verið að biðja um að gefa útvegs mönnum neitt, heldur aðeins verið að fara fram á, að lánað verði út á skipin eins og þau í raun og veru kosta. Skipin eru keypt samkvæmt reglum, sem hið opinbera ákvað, og varð að taka erlendu lánin vegna þess, að Fiskveiðisjóður hafði ekki fé til að lána á þeim tíma, sem skipin voru keypt. Hér er um að ræða vandamál, sem þarf að leysa, og það er von flutningsmanna þessa frumvarps, að sú leið, sem bent er á, verði talin hagkvæm og vel fær. -- Nánar í framsögu.